

Falskur tónn

Jón Þórisson



Fimmtudagur 11. febrúar 2021
Kl. 06.00

DEILA



Þá hefur á ný verið hafin leiðin til baka að daglegu lífi eins og við þekktum það. Tilslakanir hafta og takmarkana sem tóku gildi í upphafi viku voru kærkomnar þó þær séu í reynd smávægilegar. En það er fagnaðarefni að lífið sé að tosast í áttina að því sem við áður þekktum.

Við höfum sæst á það fyrirkomulag að fulltrúar okkar setji okkur reglur sem við reynum þá eftir fremsta megni að fara eftir. Alþingi setur lög og framkvæmdavaldið gefur út reglugerðir sem byggja á þeim lögum, sem mæla þá fyrir um nánari útfærslu.

Eftir því sem lengra er gengið í takmörkunum, ekki síst hvað varðar persónufrelsi, er þess vænst og beinlínis út frá því gengið, að allar reglur í þeim efnunum séu skýrar og settar af þeim sem til þess eru bærir.

Nú hafa barir og skemmtistaðir verið opnaðir á ný og fjöldi fólks sem þar vinnur aftur að koma til starfa. Það er reyndar aldrei svo að allir verði sáttir og íþróttafélög hafa lýst óánægju með að kappleikir séu enn án áhorfenda. Það orkar líklega allt tvímælis sem gert er.

Gagnrýnt hefur verið að nú er heimilt að opna á ný fyrir starfsemi spilavíta.

Starfsemi spilavíta gengur út á að villa um fyrir þeim sem þangað rata og kveikja villuljós í huga þeirra um að mögulegt sé að efnast á þátttökunni. Jafnvel þó afraksturinn komi í góð not er það varla til sóma.

Það eru samt engir hrappar sem að starfseminni standa. Það eru samtök sem hafa mannúð að leiðarljósi. Hvernig Landsbjörg og Rauða krossinum tekst að réttlæta aðild sína að þessari starfsemi er umhugsunarefni. SÁÁ var aðili að félaginu sem stendur fyrir þessum rekstri en ákvað seint á síðasta ári að binda enda á aðkomu sína að honum og juku þá hinir tveir eigendurnir, Landsbjörg og Rauði krossinn, eignarhlut sinn samsvarandi.

Háskóli Íslands nýtur afraksturs sambærilegrar starfsemi í gegnum Happdrætti Háskóla Íslands og er ráð fyrir því gert í lögum um skólann.

Í könnun Gallup á fyrri hluta síðasta árs kom fram greinilegur stuðningur við að spilakassar og spilasalir yrðu áfram lokaðir, en þeir höfðu þá verið lokaðir um hríð í sóttvarnaskyni. Þannig sögðust tæp 86 prósent vilja að þessari starfsemi yrði lokað til frambúðar. Jafnframt kom fram að tæpur helmingur svarenda taldi að spilafíkn væri helsta ástæða þess að fólk spili í spilakössum.

Nú hefur starfsemi spilavíta verið hafin á ný. Og enn heyrast háværar raddir um að henni eigi að loka til frambúðar. Meðal þeirra eru Samtök áhugafólks um spilafíkn sem standa fyrir átakanu Lokum spilakössum. Á vef átakans, lokum.is, eru birtir vitnisburðir þeirra sem hafa lent í klóm spilafíknarinnar og aðstandenda þeirra. Það er átakanlegur lestur.

Jafnframt kemur þar fram að 434.063 krónur tapist á hverri klukkustund í spilavítum hérlendis og að Íslendingar hafi tapað 3,7 milljörðum í spilakössum árið 2019.

Aðild samtaka sem styðja mannúð og Háskóla Íslands að spilavítisrekstri er sérkennileg staðreynd.

Þar er sleginn falskur tónn.

Mest lesið í dag í vikunni

- [Ejörtán bein brotnuðu við endurlífgunina](#)
- [Átök í dómsal: „Á ég að segja þér hvað þú ert?“](#)
- [„Hún sakaði föður sinn um að niðast á barni og nauðga ömmu sinni“](#)
- [Marta Smarta og Páll fjárfesta í draumahúsi við Bessastaði](#)
- [Lögreglan leitar að Bandaríkjamönnum sem eru grunaðir um brot á sóttkví](#)
- [Eðlilegt að frelsissvipt kona fái að segja sína hlið](#)